


Blómlegur búskapur

Bændasamfélag í Breiðdal



Enskt ferðakort um Ísland frá miðri 19. öld.



Gilsá í Breiðdal með augum Auguste Meyer fyrri hluta 19. aldar.

Fornar leiðir


Þorvaldur Thoroddsen fór um Austurland árið 1882 og sagði þá m.a. um vegakerfið:

Við förum Stöðvarskriður milli Hvalsness og Breiðdalsvíkur; þar eru mjög tæpar götur utan í hömrum fyrir opnu hafi; skriður og hamrar niður í sjó og tröllsleg gil á milli, brimið skufur sig kolgrænt og hvítlyssandi inn í hamrana og froðustólparnir spýstast upp um hverja klettaskoru; í sjónum heyrst sífellt urg og skrölt ...

Og áfram hélt hann og fór Berufjarðarskarð:

Úr Breiðdal liggur leiðin yfir Berufjarðarskarð, það er mjög bratt og hátt (2132 fet), en á því er nú bezt vegur, eptir því sem um er að gera hér á landi; hvergi hefi eg hér eystra séð vegi jafnskynsamlega gerða og á Berufjarðarskarði og Breiðdalsheiði; þar er allt byggt úr grjóti og vel séð fyrir vatnsrennsli og skriðum með ræsum og grjótgörðum ...

Eitthvað þessu líkur var ferðamáti Breiðdælinga um aldirnar. Menn fóru fótgangandi um nágrennið og jafnvel yfir í næstu byggðarlög en höfðu hestinn stundum til halds og trausts og létu ferja sig yfir fjörf eð svo bar undir.



Veghleðsla Jóns Finnbogasonar á Breiðdalsheiði.

Póstur

Á fyrri tíð fluttu landpóstar pósti á milli landshluta, oft við hörmuleg skilyrði. Lengi voru farnar þrjár póstferðir á ári úr Suður-Múlasýslu til Norðurlands. Einn þeirra sem flutti póstinn af Austurlandi og norður um miðja 19. öld var Stefán Jóhannesson í Jórsvík í Breiðdal. Með breytingum á póstlögum 1872 var ferðum fjölgað og Breiðdalur varð einn af viðkomustöðum póstsins á póstleiðinni Djúpvogur – Akureyri – Reykjavík. Svokölluð bréfhirðing var lengstum á Höskuldsstöðum og síðar póstaðgreiðsla á Selnesi.

Nú Jórsvík stýrir stað Stefán, sem var póstur, hvernig líkar honum það, hef eg slíku spurt ei að. Jón blindi



Áburðarhestar flytja póst um Austurland á 19. öld.

Búskaparhættir

Búskaparhættir í Breiðdal voru eins og tíðkast höfðu um aldir á Íslandi. Bændur lifðu á eigin framleiðslu, nýttuðu búsmala eins og kostur var, seldu ull og tólg í kaupstað og tóku út það sem þá vanhagaði um: korn, salt, járn og timbur – jafnvel munaðarvöru á borð við brennivín og tóbak.

Breiðdælar voru áhugasamir um bú sín og reyndu að betrubæta búsamala sinn eftir fönfum, m.a. var stofnað jarðabótafélag (búnaðarfélag) um miðja 19. öldina. Reynt var að kynbæta sauðféð – með þeim árangri að kaupmenn sóttust eftir sauðfjárafurðum úr Breiðdal og greiddu vel fyrir.


Allgöður félagsandi var meðal manna og trúin á mátt samtaka fór vaxandi eftir því sem leið á 19. öldina.

Húsakynni um miðja 19. öld

Öll hús, bæjarhús og útihús, voru gerð að veggjum til úr grjóti og torfi, og með torfbaki; nema kirkjan og stofuhús á kirkjustaðnum. Kirkjan var gerð eingöngu úr timbri, allveglegt hús, eftir því sem þá var tízka. Stofuhúsið var einnig timburhús, vandað og traust. Stofuhús voru þá aðeins á tveimur eða þremur bæjum öðrum. ... Á öllum bæjum var svokallaður húsagarður, hlaðinn upp allt í kring, svo hann væri grípheldur; einhvers staðar var þó í honum hlið eða sund. ... Í þessum húsagardi voru svo hin algengu bæjarhús: baðstofa, búr, eldhús, skemma, hlaða fyrir töðuna, á sumum bæjum fjós og sumum bæjum smiðja. Baðstofan var oftast efst í húsagardinum. Göng voru af hlaði til baðstofu; voru þau jafnan nokkuð löng og dimm, ekki breiðari en svo að fullrúmt var fyrir einn mann að ganga um þau; tveir menn gátu ekki gengið samhliða. ... Gluggar var á hverju stafgólfi með einni eða tveim glerrúðum í. Gluggar voru ávallt hafðir á móti sól. Baðstofur sneru jafnan eins og dalurinn.

Úr Breiðdælu

„Ekkert heyrst nú talað um vesturflutninga; menn eru farnir að snúa hug sínum meira að ýmsum umbótum og framförum heima hjá sjer enn nokkurn tíma hefir áður verið og sjá það, að hjer má lifa eins og annarstaðar, ef dugnaður og fyrirhyggja er með í verkinu ásamt iðjusemi og þrifnaði ...“ Fróði 17/3 1880.



Eldhúsið á Eyðólum í byrjun 19. aldar. Auguste Meyer

Á Þórðalsheiði. Hér lá fjölfarn leið úr Skriðdal og af Héraði til suðurjarða, þar til Fagradalsbrautin var rudd snemma á 20. öld.



Grein Ara Brynjólfssonar Þverhamri í blaðinu Skuld 7. nóvember 1878 um mikilvægi lestrarfélaga og fleiri framfaramáli.

Lestrarfélagið

Lestrarfélag Breiðdæla var stofnað að Heyðólum árið 1878 og hefur starfað nánast óslitið síðan. Félagsmenn voru 44 í upphafi, allt karlar. Árið 1917 er fyrsta konan nefnd sem félagsmaður, – Guðlaug Pálsdóttir á Gilsárstekk, sem kom inn fyrir mann sinn. Starfssvæðið tók framán af yfir Breiðdal og Stöðvarfjörð.

Félagsgjöldin voru helstu tekjur félagsins en hrukku skammt. Þá var gripitíð til þess að selja bækur sem allir voru búnir að lesa og ekki þótti ástæða til að varðveita. Í staðinn voru keyptar „nýjar og nýtsamar“ bækur.

Önnur fjárflyunarleið var að lána fé félagsins gegn vöxtum. Til dæmis var Ungmennafélaginu lánað árið 1914 allt tiltekkt fé, 166 kr. og 5 aurar, til húsbýggingar. Árið 1915 var og samþykkt að Lestrarfélagið keypti hlut í Eimskipafélaginu – sá hlutur er enn í eigu safnsins.

Aðalstöðvar félagsins voru í Heyðólum fyrstu árin og í Hamri frá 1943. Þaðan fór það í Gamla kaupfélagið og svo í gömlu verbúðina. Árið 1979 fluttist safnið á salthúslóftið, síðan í Hellubæ 1985 en endaði loks í núverandi húsnæði 1993 og sameinaðist safni skólans.

Skyndimynd af Breiðdælingum um miðja 19. öld

Á síðferðilegu stigi stóðu Breiðdælingar fullt svo hátt sem nágrannasveitirnar. Samkomulag milli hjóna, foreldra, barna, húsbænda og hjúa, var yfirleitt friðsamlegt. ... Stundum kom þó upp nágrannakrytur, en hann hjadnaði oftast fljótlega niður aftur, enda voru orsakirnar jafnan litilvægar. Í innbyrðis viðskiptum voru menn almenn hreinlyndir og orðheldnir. Það sem menn lofuðu stöðugt, stóð ævinlega eins og stafur á bók.

Úr Breiðdælu.

Til þess að yfa ekki annarra lund, því oft er svo skammt milli kота. Mállausan smala og hljóðlausan hund, helst ættu bændur að nota.

Þekkt vísa úr Breiðdal um nágrannakrytur.

